

Fundargerð 423. fundar

stjórnar Hafnasambands Íslands

Árið 2020, þriðjudaginn 19. maí kl. 11:00 kom stjórn Hafnasambands Íslands saman til fundar og fór hann fram í gegnum fjarfundarbúnað.

Fundinn sátu: Gísli Gíslason, Ólafur Þór Snorrason, Eydís Ásbjörnsdóttir, Guðmundur M. Kristjánsson, Lúðvík Geirsson og Pétur Ólafsson.

Að auki sat fundinn: Ingibjörg Hinriksdóttir tækni- og upplýsingafulltrúi og Valur Rafn Halldórsson starfsmaður hafnasambandsins sem jafnframt ritaði fundargerð.

Einnig sátu fundinn Fannar Gíslason og Sigurður Sigurðarson frá Vegagerðinni og Gunnbjörn Marinósson frá Faxaflólahöfnum.

Fundargerðin var færð í tölvu.

Þetta var tekið fyrir:

1. Sjávarfallamælar - 2005001HA

Fannar Gíslason og Sigurður Sigurðarson gerðu grein fyrir því verkefni sem framundan er hjá Vegagerðinni við að setja upp sjávarfallamæla í höfnum. Auka fjármagn fékkst í þetta verkefni í vegna Covid-19. Að þeirra sögn er nauðsynlegt að betrubæta mælana og útbúa kerfi fyrir allt landið sem myndi gefa upplýsingar um afstöðubreytingar sjávar. Kerfið þarf að kvarðamæla jöfnum höndum þannig að tillaga er um að einn aðili beri ábyrgð á þessu mælakerfi á öllu landinu og lögðu þeir til að það væri Vegagerðin sem hefði það verkefni.

Upplagg Vegagerðarinnar er að þetta kerfi verði á ábyrg stofnunarinnar og að settir verði 22 sjávarborðsmælar sem yrðu hluti af kerfi sjávarborðsmælakerfi Íslands. Vegagerðin þarf því að fjárfesta í þessum mælum og spurning hvort Vegagerðin eða hafnirnar eigi að eiga mælana. Vegagerðin sér hins vega til þess að mælarnir séu kvarðaðir og í lagi.

Stjórn Hafnasambands Íslands lýsir yfir mikilli ánægju með þetta framtak og verkefni. Stjórn leggur jafnframt til að fulltrúar Vegagerðarinnar taki saman minnisblað um málið og sendi stjórn hafnasambandsins svo hægt sé að kynna verkefnið fyrir aðildarhöfnum og hvetja þær til að taka þessu verkefni fagnandi.

Fundi var slitið kl. 11:25

Gísli Gíslason

Ólafur Þór Snorrason

Eydís Ásbjörnsdóttir

Guðmundur M Kristjánsson

Lúðvík Geirsson

Pétur Ólafsson